

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 153/2010 um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað tölunnar „50“ í lok 1. mgr. I. liðar 1. gr. reglnanna kemur: 40.

2. gr.

Í stað 1. másl. 1. mgr. 2. gr. reglnanna koma tveir máslíðir, svohljóðandi: Fjöldi nýrra nemenda í MA-námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf takmarkast við töluna 40. Deildinni er þó heimilt að taka inn allt að 60 nemendur ef aðstæður leyfa að mati forseta fræðasviðsins.

3. gr.

3. gr. a. reglnanna, um takmörkun á fjölda nemenda í námsgreinar stjórn málafræðideildar, fellur brott.

4. gr.

Á undan orðunum „í hjúkrunarfræði“ í 1. másl. 7. mgr. 5. gr. reglnanna komi: í 240 eininga námi.

5. gr.

Í stað tölunnar „6“ í lok 2. mgr. 7. gr. reglnanna kemur: 5.

6. gr.

Í stað tölunnar „2“ í lok 1. másl. 2. mgr. 8. gr. reglnanna kemur: 4.

7. gr.

Í stað tölunnar „3“ í lok 1. másl. 1. mgr. 8. gr. a. reglnanna kemur: 2.

8. gr.

Í stað tölunnar „18“ í lok 1. másl. 1. mgr. 9. gr. reglnanna kemur: 15.

9. gr.

Í stað tölunnar „20“ í lok 1. mgr. 9. gr. b. reglnanna kemur: 18.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum fræðasviða, eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi og taka til háskólaársins 2022–2023.

Háskóla Íslands, 13. desember 2021.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.